

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Frævinnslan



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	12.10.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ásgeir Björnsson
<b>Fyrirtæki</b>	ORF Líftækni ehf	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Víkurbær 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	420201-3540	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Sæmundsson	<b>ÍSAT nr.</b>	01.10.1
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	Grindavík

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Athugasemdir eru gerðar við þrjú atriði.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

## Umhverfi

Farið í kringum frævinnsluhúsið, myndir teknar og leitað að byggplöntum í umhverfinu. Engin byggplanta var sýnileg utan við gróðurhús og á athafnasvæði.

## Afmörkunarráðstafanir athugaðar

Öryggiskerfi, úrgangur, frárennsli, verklag, skemmdir á húsi og dýravarnir var athugað. Tvær breytingar voru á gluggum hússins frá því að fulltrúi Umhverfisstofnunar kom þar í vettvangskonun þann 19. desember 2011, í tengslum við fyrirhugaða leyfisumsókn. Krossviðarplötur höfðu verið settar fyrir einn gluggi á neðri hæð (austurhlíð) og einn á efri hæð (suðurhlíð). Þessi breyting var gerð af eiganda hússins til að auðvelda uppsetningu útblásturs frá tækjum innandyrna. Varðandi niðurföll í gólfi þá er um að ræða flotyfirföll með vatnslási sem er hægt er að hreinsa reglulega. Það er ekki unnið með vatn á gólfletinum, og ef hann er hreinsaður með sópun og/eða ryksugun áður en vatn er notað telst þetta fullnægjandi lausn. Engir gluggar voru opnir, en ef þeir verða opnaðir verður fuglanet sett fyrir. Varðandi skóskipti þá var standur fyrir skó ekki staðsettur við aðalinngang.

## Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir

Starfsemi frævinnslunnar byrjaði í vor, í samræmi við leyfisveitingu þann 18. apríl sl. Skráning starfsemi er að stærstum hluta rafræn, í Excel skjali. Starfsmaður starfsstöðvar var til staðar, en engin vinnudagbók hafði verið útbúin til skráningar á innra eftirliti starfsstöðvarinnar. Ekki hefur fundist erfðabreytt bygg utan við frævinnsluhúsið við slíkt eftirlit, en það var óskráð. Einnig voru hvorki viðbragðsáætlun eða áætlun um takmörkun erfðabreyttra lífvera til staðar í starfsstöð við eftirlitið.

## ATHUGASEMDIR

Gerðar eru athugasemdir við að hvorki vinnudagbók fyrir innra eftirlit (aths 1) eða áætlanir (aths 2) voru til staðar á starfsstöð. Rekstraraðili hefur lagfært það og vísað til að áætlanir voru einnig aðgengilegar starfsfólki í gegnum tölvu. Staðsetja ber stand fyrir skóskipti við aðalinngang eða beina umferð um annan inngang (aths 3).

## ANNAÐ

Afrit af starfsleyfi á að vera aðgengilegt í starfsstöðinni.

Eftirlitið hófst kl. 11:15 þann 12. október sl. í frævinnsluhúsi ORF Líftækni við Vörðusund 1 í Grindavík. Starfsmaður ORF Líftækni fór með eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar í vettvangsskoðun. Starfsmaður starfsstöðvar var viðstaddur. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 12:15.

Reykjavík, 19.12.2012

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.